

Þráu þyrtu okkum
skuldur svo sem vér og
þingum vorum skuldum
máttum og eigi leið þú okkum
í þessu heldur þetta okkum
í þessu að þú erir
máttum og dýrðim
að eilífu Amen 30

ET
2008
2020



RAUÐA KROSS TEPPI OG AÐRAR ÓSKIR Á TÍMUM COVIDS

Umhyggja er miðlæg hugmynd hjá mörgum samtímalistamönnum og þegar Erla sýndi mér útsaumað Rauða kross teppi sem hún var að vinna síðast-liðinn vetur, þá skynjaði ég að umhyggja fyrir einstaklingnum og samfélaginu í heild sinni hefur lengi verið meginþema verka hennar.

Það er ekkert hversdagslegt við grá Rauða kross teppi, vegna þess að þau eru notuð við mjög sérstakar aðstæður. Hér hefur Erla saumað af fingrum fram bænina *Faðir vor* með marglitum augnsaumi í gráan flötinn, en litirnir bleikt, rautt og gult tengjast á sinn hátt trúarlegri tákningu: samkennd, þjáningu og sköpun. Máttur orðsins og styrkur handverksins sem birtist í útsaumuðum textanum umbreytir fjöldaframleiddri voðinni í ábreiðu sem virðist búa yfir heilögum töframætti. Það er heldur ekki langt að sækja hugrenningatengsl til þeirra tugþúsunda flóttamanna sem hafa freistað gæfunnar á tré- eða gúmmibátum á Miðjarðarhafi undanfarin ár. Þúsundir þeirra hafa horfið í hafið, aðrir eru á vergangi, en fáir njóta þeirrar samfélagslegu umhyggju sem verkið ákallar.

Málverk Erlu byggja einnig á sterku myndmáli. Þau minna á fullkomnar stærðfræðiformúlur sem virðast opinbera einhvers konar endanlegan sannleika. Þetta eru sterk hringform eða siendurteknir snúningar eins og Möbius borðinn sem vísa í stærð, mátt, og óendanleik, form sem Erla teiknar upp í mennskri stærð og gefur algild heiti svo sem *We are all together*. Yfirborð verkanna er oft þakið silfri sem hún leyfir að oxast og umbreytast í gyllta áferð. Hún kallar verkin hieróglýfur, helgirúnir, eða myndletur, þar sem hvert ták er einskonar frummynd af því hugarástandi sem það vísar til. Orðið er af grískum uppruna og merkir „heilagur útskurður“, en í egypskri menningu vísa hieróglýfurnar til orða guðsins. Hieróglýfurnar eru því einskonar boðkerfi listamannsins, skilaboð til áhorfanda, á sama hátt og reiplykkjurnar egypsku, sem hún færir í stílinn í verkinu *Ósk um nýja tíma*, minna á Shen- hringinn, hið umlykjandi almætti, sem birtist á kunnuglegan hátt í ólíkum menningarheimum.

Þannig leitar Erla að sameiginlegum menningarkjarna í verkum sínum. Hún gengur ætíð út frá andlegum forsendum og því verður ekki hjá því komist að tengja silfur og gull við ægifygurðina, ekki þá rómantísku heldur þá háleitu, sem eingöngu er hægt að upplifa í gegnum milliliðalausá reynslu, svo vísað sé til orða breska 18. aldar heimspekingsins Edmund Burke.

Siðferðilegar spurningar í samtímalist ná yfir allt sem við gerum til þess að viðhalda tengslum á milli manna. Handverkið er öflugur tengiliður á milli einstaklingsins og samfélagsins og það fær nýja, svolítið upphafna, merkingu á tímum óvissu þegar þörfin fyrir samhengi á milli samtíðar og fortíðar vex. Hugsanlega vilja listamenn reyna að lagfæra laskað umhverfi heimsins og listin verður afdrepp hin algilda eins og verk Erlu bera vott um í styrkleika sínum, sem minnir á tímaleysi helgimyndanna.

Æsa Sigurjónsdóttir, listfræðingur.

A RED CROSS BLANKET AND OTHER WISHES IN COVID TIMES

Caring is a central concept for many contemporary artists, and when Erla showed me an embroidered Red Cross blanket on which she was working last winter, I sensed the care for the individual and for society as a whole which has long been a leading theme in her art.

There is nothing commonplace about the Red Cross's grey blankets, because they are used in such exceptional conditions. Here Erla has freely sewn the Lord's Prayer in multicoloured eyelet stitch on the grey ground; the colours pink, red and yellow reference religious symbolism, signifying sympathy, suffering and creation. The power of the word and the strength of the craftsmanship manifested in the embroidered text transform the mass-produced textile into a coverlet that seems to possess a sacred magical potency. And mental associations arise with the tens of thousands of refugees who have chanced their lives in small wooden or inflatable vessels on the Mediterranean in recent years. Thousands have been lost at sea, while others have nowhere to go – and few enjoy the benefits of social caring that this work invokes.

Erla's paintings too are grounded in powerful imagery, reminiscent of perfect mathematical formulae that seem to reveal some ultimate truth. These are strong circular forms or repeated rotations like a Möbius strip, referencing size, power and eternity – shapes that Erla draws at human scale and allocates universal titles such as *We are all together*. The surface of the works is often coated in silver, which the artist allows to oxidise, altering to a golden sheen. She calls these works *hieroglyphs* or pictograms, each symbol being in a sense a prototype for the state of mind it evokes. The word hieroglyph, from Greek, means “sacred carving,” while in Ancient Egyptian culture the hieroglyphs signify the words of the god. These hieroglyphs thus function as a signalling system for the artist – messages to the observer, just as the Egyptian rope-loops which she used in exaggerated form in *Wish for New Times* recall the Shen Ring, the all-embracing deity, which appears in familiar form in diverse cultures.

Thus in her works Erla seeks out a common cultural essence. Her work is always grounded in spiritual principles and hence the silver and gold have inevitable connotations of the sublime – not the romantic version, but the transcendental, which can only be experienced at first hand, to reference the ideas of 18th-century British philosopher Edmund Burke.

Ethical questions in contemporary art embrace all that we do to maintain connections between people. Craftsmanship is a powerful bond between the individual and society, and it attains a new, somewhat exalted significance in times of uncertainty when the need for continuity between present and past is growing. Artists may wish to try to mend the ravaged environment of the world, and art becomes the refuge of the universal, as manifested by Erla's work, in its strength which evokes the timeless nature of the sacred images.

Æsa Sigurjónsdóttir, art historian. Translation Anna Yates.